



REGLUGERÐ

Um viðulög við notkun ólöglegra leikmanna

1. gr.

Verði félag uppvíst að því að tefla fram ólöglegum leikmanni í íshökkíleik skulu mörk þess þurrkast út og það tapa leiknum með tíu mörkum (5 – 0) ~~(10 – 0)~~. Mörk sigurliðs standa óbreytt ef þau eru fleiri en 5 ~~10~~.

2. gr.

Verði félag uppvíst að því að tefla fram ólöglegum leikmanni samkvæmt dómstól ÍSÍ, þá skal aganefnd dæma félagið í fjársekt.

3. gr.

Við ítrekuð brot samkvæmt dómstól ÍSÍ skal aganefnd dæma félagið ~~dæmt~~ í fjársektir og félaginu vísað frá keppni í allt að 6 mánuði eftir eðli málsins.

4. gr.

Kærufrestur er ein vika.

5. gr.

Verði félag uppvíst að því að nota leikmann innlendan og eða erlendan sem samkvæmt félagaskiptareglum þarf alþjóðlegt félagaskiptakort (Transfer card) frá IIHF án þess að leikheimild hafi verið gefin út á viðkomandi leikmann skal stjórn ÍHÍ sekta viðkomandi félag samkvæmt verðskrá ÍHÍ sem sambandið gefur út í upphafi hvers tímabils. ~~um 75.000 krónur.~~

Lagt fyrir íshökkíþing 2025



REGLUGERÐ

Um ferðalög innanlands og utanlands á vegum ÍHÍ

1. gr.

Íþróttafólk, fararstjórar, liðstjórar, þjálfarar og dómarmenn skulu ávallt vera til fyrirmyndar um alla framkomu í ferðum sínum á vegum ÍHÍ, sýna skal hæversku og reglusemi á leikvangi jafnt innan sem utan hans.

2. gr.

Æðsta vald meðan á ferð stendur hafa fararstjórar. Fararstjóri er ábyrgur gagnvart stjórn ÍHÍ og skal hann ~~halda dagbók um ferðina~~ og skila skýrslu til hlutaðeigandi eigi síðar en 15 dögum eftir heimkomu, þetta á einungis við um ferðir erlendis.

Íþróttafólk og aðrir flokksmenn skulu einnig fara að fyrirmælum þjálfara og öðrum þeim er fararstjóri kann að fá vald. Hverju félagi er skylt að tilnefna ábyrgðarmann í hverri keppnisferð í ferðum yngri flokka.

3. gr.

Fararstjórar skulu hafa vakandi auga með hegðun flokksmanna og gera þeim aðvart, ef þeir telja einhverju í framkomu þeirra ábótavant og er þeim heimilt að útiloka keppenda / keppendur frá keppni eða sýningu og jafnvel senda þá heim, ef um verulegt brot er að ræða, að álitum fararstjóra, getur fararstjóri kært hina brotlegu til hlutaðeigandi dómstóls til dómsúrskurðar.

4. gr.

Keppendum er heimilt, þegar heim er komið, að kæra að þeirra dómi óviðeigandi framferði fararstjóra til viðkomandi dómstóls.

5. gr.

Óskert skal heimild þess aðila, sem að förlinu stendur og annarra, sem rétt kunna að hafa til samkvæmt dóms- og refsiaðgerðum ÍSÍ, til refsiaðgerða eftir heimkomu flokks, þótt fararstjóri hafi ekki notað sér heimild 3. greinar.



REGLUGERÐ

Um dómaranefnd og dómgæslu á mótum

Dómaranefnd

1. gr.

Dómaranefnd skal skipuð fimm aðilum sem skipta með sér verkum. Stjórn ÍHÍ skipar nefndina. Einnig starfar skipaður yfirdómari með nefndinni sem áheyrnarfulltrúi með tillögurétt.

2. gr.

Dómaranefnd ÍHÍ er fagnefnd sem hefur það hlutverk að þýða og samræma reglur og túlkanir á leikreglum með það að markmiði að dómgæsla á mótum ÍHÍ verði sambærileg við það sem best gerist í heiminum.

3. gr.

Dómaranefnd ákveður hverjir hafa heimildir til að gegna stöðu eftirlitsdómara, aðaldómara og línudómara hvaða aldursflokka þeir hafa heimild til að dæma. Slíkar heimildir skal byggja á hæfnismati sem dómaranefndin annast. Hæfniskröfur til dómara skulu miðast við viðmið IIHF.

4. gr.

Dómaranefnd sér um að þýða og uppfæra reglubók IIHF um dómgæslu og gefa hana út.

Yfirdómari

5. gr.

Stjórn ÍHÍ er heimilt að skipa yfirdómara.

6. gr.

Skipi stjórn ÍHÍ ekki sérstakan yfirdómara, skal formaður dómaranefndar vera yfirdómari.

7. gr.

Yfirdómari skal vinna í samstarfi við dómaranefnd og framkvæmdastjóra ÍHÍ.



8. gr.

Helstu verkefni yfirdómara eru:

- Fylgjast með og koma á framfæri nýjum leikreglum og túlkunum á þeim.
- Leita uppi túlkanir á leikreglum, komi upp ágreiningur milli dómara varðandi reglurnar.
- Vinna að gerð kynningarefnis til handa leikmönnum varðandi reglur leiksins.
- ~~d)~~ Hafa forgöngu um að námskeið séu haldin **og hæfni dómara sé sífellt metin. og próf séu haldin fyrir dómara og einnig til að efla leikreglukunnáttu leikmanna.**
- Hafa yfirumsjón með gerð námsefnis fyrir dómara og línudómara.
- Leitast við að finna efnilega aðila til að sinna dómarastörfum.
- Sjá um samskipti við Alþjóða Íshokkisambandið í samráði við formann dómaranefndar.
- Vinna að **hæfismati gerð-prófa** fyrir línu- og aðaldómara.
- Að fylgjast með nýjungum í málefnum er varða dómgæslu og koma þeim á framfæri við dómaranefnd og stjórn ÍHÍ.
- Stuðla að aukinni virðingu dómara fyrir starfi sínu og aukinni virðingu leikmanna og annarra fyrir starfi dómara.

9. gr.

Yfirdómari skal hafa frjálstan aðgang að öllum mótum sem fara fram á vegum ÍHÍ.

Dómgæsla á mótum ÍHÍ

10. gr.

Sérhvert félag sem teflir fram fleiri en einu keppnisliði, í mótum á vegum ÍHÍ skal tilnefna eftirfarandi fjölda dómara: Fyrir lið í mfl. karla og kvenna samanlagt skal tilnefna 2 aðaldómara og 2 línudómara. Lið sem eingöngu teflir fram einu liði í meistaraflokki skal tilnefna 1 aðaldómara og 1 línudómara. Fyrir yngri aldursflokka skal hvert félag tilnefna 3 dómara.

11. gr.

Framkvæmdastjóri ÍHÍ í umboði stjórnar ÍHÍ ákveður niðurröðun dómara á leiki í **U16 til U20 2., 3.** aldursflokki ásamt meistaraflokka karla og kvenna. Ásamt því að skipa eftirlitsdómara. Framkvæmdastjóri skal hafa til hliðsjónar hæfnismat sem ákveðið er af Dómaranefnd.

~~Ef dómari forfallast af einhverjum ástæðum getur dómaranefndarmaður þess félags sem á heimaleik í samráði við framkvæmdastjóra komið sér saman um annan dómara. Dómaranefndarmaður þess félags sem á heimaleik á sér um að boða þá dómara sem settir hafa verið á leiki ásamt því að raða niður dómurum á helgarmót yngri flokka í samráði við framkvæmdastjóra ÍHÍ. Framkvæmdaraðili sem heldur helgarmót er ábyrgur fyrir því að útvega og raða niður dómurum á mótið. Leitast skal við að nota þá dómara sem hafa réttindi til dómgæslu.~~



12. gr.

Stjórn ÍHÍ ákveður greiðslur til dómara. Stjórnin skal þó leita umsagnar dómaranefndar en er ekki bundin af þeirri umsögn.

13. gr.

~~Stjórn ÍHÍ greiðir dómarabónus til aðildarfélaga sem uppfylla skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari. Félag sem þarf að tilnefna 2 aðaldómara og 2 línudómara skal fá 200 þúsund króna dómarabónus sem deilist niður á 7 mánuði og skal hver mánuður gerður upp sérstaklega. Félag sem þarf að tilnefna 1 aðaldómara og 1 línudómara skal fá 100 þúsund króna dómarabónus sem deilist niður á 7 mánuði og skal hver mánuður gerður upp sérstaklega. Greiðslur og uppgjör fyrir alla mánuðina fer fram í enda hvers tímabils. Verði veruleg vanhöld á kröfum um skráningu dómara samanber 6.10 skal stjórn ÍHÍ heimilt að beita viðkomandi félag viðurlögum. Fyrir hvern dómara sem vantar upp á í skráningu frá aðildarfélagi skal sekta félag fyrir hvern mánuð sem líður á tímabilinu september til mars (báðir mánuðir meðtaldir) samkvæmt verðskrá ÍHÍ.~~

~~Fyrir aðaldómara 15.000 krónur á mánuði • Fyrir línudómara 10.000 krónur á mánuði.~~

14. gr.

Tilnefning dómara telst ekki gild nema tilnefndir dómarar standist [hæfnismat](#) [hæfnispróf](#) dómaranefndar í upphafi hvers tímabils. Verði töl á [hæfnismati](#) [gildir mat](#) [hæfnisprófi](#) [gilda](#) [hæfnispróf](#) frá fyrra ári til 1. október.

15. gr.

~~Dómari sem segir sig af þremur leikjum í röð fellur af tilnefningarlista. Verði það til þess að það aðildarfélag uppfylli ekki lágmarks kröfur um skráningu dómara, samanber 10. gr., taka við sektargreiðslur á það félag sem tilnefndi hann þar til að nýr aðili hefur verið tilnefndur og hann staðist hæfnispróf.~~

15 gr.

Heimilt er að setja nánari vinnureglur og útskýringar um störf dómaranefndar, yfirdómara og framkvæmd móta og skulu þær vera hluti af reglugerð þessari.

Lagt fyrir íshokkíþing 2025



REGLUGERÐ

Um aganefnd

1. gr.

Stjórn ÍHÍ skipar aganefnd. Nefndin skal skipuð þremur aðilum og tveimur til vara. Nefndina skal skipa innan mánaðar frá Íshokkíþingi.

2. gr.

Hlutverk aganefndar er að úrskurða um agabrot, óþrúðmannlega eða ámælisverða framkomu leikmanna, forystumanna, félaga, dómara, áhorfenda og annarra er hlut eiga að máli, í öllum opinberum mótum sem fram fara á vegum ÍHÍ. Valdsvið aganefndar tekur einnig til atvika er eiga sér stað fyrir leiki, í leikhléi eða eftir að leik lýkur.

3. gr.

Aganefnd byggir úrskurð sinn á leik- og atvikaskýrslum viðkomandi leiks. Þó getur aganefnd einnig tekið fyrir önnur mál er henni berast og hún telur ástæður til. Aganefnd er heimilt að gefa málsaðilum kost á munnlegum eða skriflegum málflutningi ásamt því að leggja fram myndbandsupptökur eða önnur sönnunargöng sem skipt geta máli við mat á viðurlögum. Aganefnd skal hafa frjálst sönnunarmat á gögnum þeim er lögð eru fyrir nefndina.

4. gr.

Formaður aganefndar boðar fundi eins oft og þurfa þykir í samræmi við þær reglur sem gilda í hverju tilfalli. Aganefnd er heimilt að halda símafund ef allir nefndarmenn eru því samþykkir.

5. gr.

Við ákvörðun um viðurlög við brotum skal aganefnd fara eftir lögum og reglugerðum ÍHÍ, dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ og eftir atvikum reglum alþjóðasambanda sem ÍHÍ er aðili að.

6. gr.

Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað.



7. gr.

Úrskurði aganefndar skulu færðir í sérstaka fundargerðarbók. Í úrskurði skal greina glöggst hver hinn brotlegi sé, í hvaða leik / móti brotið átti sér stað og á hvaða forsendum aganefnd byggir úrskurð sinn.

8. gr.

Úrskurð sinn skal aganefnd birta strax að loknum fundi á heimasíðu ÍHÍ (www.ihí.is) Afplánun dóms hefst þegar úrskurður aganefndar hefur verið birtur.

9. gr.

Ef aðili á eftir að taka út refsingu þegar keppnistímabili lýkur, skal hann afplána refsingu í byrjun næsta keppnistímabils, án tillits til þess með hvaða félagi eða flokki hann verður hlutgengur á þeim tíma.

10. gr.

Mál sem berast aganefnd ÍHÍ skulu afgreidd eins fljótt og auðið er. Heimalið leikja bera ábyrgð á því að afrit af leikskýrslu berist til skrifstofu ÍHÍ innan 24 klst. eftir að leik lýkur samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 10. um leikskýrslur. Úrskurðir aganefndar skulu taka gildi um leið og þeir eru birtir.

11. gr.

~~Innifeli leikskýrsla sjálfvirka útilokun leikmanns úr næsta leik án þess að mál hans sé meðhöndlað frekar hjá nefndinni er formanni nefndarinnar heimilt að birta úrskurð á heimasíðu ÍHÍ án þess að boða til fundar. Sama gildir e~~ Ef að um er að ræða uppsafnaða refsingu.

Formaður skal sjá til að slíkar gjörðir séu færðar til bókar í fundargerð næsta fundar aganefndar. Innifeli leikskýrsla sjálfvirka útilokun leikmanns frá keppni þar til mál hans hefur verið tekið fyrir skal formaður aganefndar boða til fundar áður en lágmarksrefsingu er lokið. Úrskurð sinn skal aganefnd birta á heimasíðu ÍHÍ strax að loknum fundi. Það er ábyrgð viðkomandi félaga að kynna sér úrskurði aganefndar.

12. gr.

Við ákvörðun refsinga skal alla jafna miða við alvarleika brotsins og afleiðingar þess, hverjar séu afleiðingar brotsins bæði fyrir þá aðila sem eiga í hlut og hreyfinguna í heild. Við ítrekuð brot er aganefnd heimilt að **þyngja** ~~auka~~ refsingar **ef brotasaga leikmanns gefur tilefni til.** ~~í samræmi við neðangreint.~~

- ~~a) Við endurtekið samskonar brot skal tvöfalda þá refsingu sem upphaflega var gefin.~~
- ~~b) Verði leikmaður uppvís af samskonar broti í þriðja sinn á keppnistímabilinu skal tvöfalda síðasta dóm, eða fjórfalda upphaflega dóm.~~
- ~~c) Verði leikmaður uppvís af samskonar broti í fjórða sinn á keppnistímabilinu skal tvöfalda síðasta dóm, eða áttfalda upphaflegan dóm.~~



- d) ~~Við upphaf hvers keppnistímabils skulu allir leikmenn hafa upphafsstöðu gagnvart þessum margföldunar áhrifum.~~

13.gr.

Á vegum ÍHÍ starfar málskotsnefnd aganefndar. Ef aðili er úrskurðaður í lengra bann en þrjá leiki, hefur viðkomandi aðili rétt á að koma fram sínum sjónarmiðum og andmælum við úrskurðinn. Slík andmæli skulu berast framkvæmdastjóra ÍHÍ eigi síðar en 4 virkum dögum eftir að úrskurður aganefndar er birtur. Málskotsnefnd þessi skal skipuð Formanni aganefndar, framkvæmdastjóra ÍHÍ, og hæfasta dómara sem ekki kom að leiknum. Nefndin metur þau gögn sem hún fær send og getur á grundvelli þeirra, telji hún að þar komi fram umtalsverðar málsbætur, sent mál til baka í aganefnd, til endurmats og endurúrskurðar á grunni þeirra gagna sem borist hafa.

14 gr.

Aganefnd skal hafa lokið meðhöndlun allra leikskýrslna úr deildarkeppni áður en úrslitakeppni hefst.

14. gr.

Ákveði félag að gefa leik í meistaraflokki skal félagið sektað. Sektir eru eftirfarandi:

- a) Gefi félag leik á eigin heimavelli skal það greiða sekt til ÍHÍ **samkvæmt verðskrá sambandsins kr. 75.000.-**
- b) Gefi félag leik sem telst útileikur þess, skal það borga heimaliði **og ÍHÍ sektir samkvæmt verðskrá ÍHÍ. kr. 150.000.- í sekt og einnig kr. 75.000.- í sekt til ÍHÍ.**
- c) Gefi félag fleiri en einn leik innan sama tímabils skal sektarupphæð hækka um 25% fyrir hvert skipti frá því sem síðast var greitt innan sama tímabils.

15. gr.

Verði félag uppvíst af að nota leikmann í leikbanni er aganefnd heimilt að sekta viðkomandi félag **samkvæmt verðskrá ÍHÍ um allt að 75.000 kr.** auk annarra refsíákvæða.

- a) Verði félag uppvíst af því að tefla fram leikmönnum í barnamótum U8 til U12 **5; 6. og 7** flokks sem eru eldri en gildandi reglur segja til um skal félagið sektað **samkvæmt verðskrá ÍHÍ um kr. 10.000.-** fyrir þátttöku hvers leikmanns á mótinu. Heimilt er þó að víkja frá ákvæðinu liggi fyrir skrifleg heimild, hjá ÍHÍ frá öðrum þátttökufélögum, fyrir mótið.
- b) Verði félag uppvíst að því að tefla fram leikmönnum sem teljast „Leikmaður undir aldri“ án þess að skriflegri yfirlýsingu sé framvísað sbr. reglugerð nr. 13 um Íslandsmótið í íshokki skal:

1. Við fyrsta brot félaginu gefin formleg aðvörun með tölvupósti.



2. Félagið sektað um samkvæmt verðskrá ÍHÍ ~~kr. 10.000.-~~ fyrir hvern leikmann sem spilar leik án þess að yfirlýsingin liggi fyrir. Heimilt er að sekta allt að fjórar vikur aftur í tímann.

16. gr.

Aganefnd getur sektað félag eða svipt það heimaleik ef áhangendur þess valda truflun sem beinist gegn leikmönnum liða, starfsmönnum eða dómurum leiksins.

17. gr.

Ef félag sem á heimaleik hefur ekki tiltækan nægan fjölda starfsmanna við upphaf leiks er aganefnd heimilt að sekta félagið eða svipta það heimaleik.

18. gr.

Verði félag, leikmenn eða aðrir forráðamenn uppvísir að einelti eða ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt er aganefnd heimilt að beita viðkomandi félag sektarákvæðum og öðrum þeim aðgerðum sem henta þykja til þess að uppræta viðkomandi hegðun.

19. gr.

Stjórn eða framkvæmdastjóra ÍHÍ er heimilt að vísa til úrskurðar aganefndar atvikum sem skaðað geta ímynd íshokkí hreyfingarinnar eða þeirra sem að taka þátt í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslu dómara eða eftirlitsmanns á kappleikjum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega. Félag viðkomandi einstaklings er ábyrgt fyrir sektargreiðslu vegna viðkomandi atviks.

Framkvæmdastjóri / stjórn skal skila greinargerð til aganefndar ásamt gögnum máli sínu til staðfestingar sem málsaðilar skulu fá afrit af. Málsaðilum skal gefin kostur á að skila skriflegri greinargerð fyrir næsta fund aganefndar.

Lagt fram til samþykktar á íshokkiþingi 2025



REGLUGERÐ

Um félagaskipti

1. gr.

Íslenskur ríkisborgari sem er félagsbundinn í félagi innan ÍHÍ og uppfyllir að öðru leyti hlutgengisreglur ÍSÍ er hlutgengur til þátttöku í mótum á vegum ÍHÍ. Enginn leikmaður má þiggja laun fyrir að taka þátt í mótum eða keppnum á vegum ÍHÍ. Þeir sem starfa sem þjálfarar hjá aðildarfélögum ÍHÍ teljast ekki launaðir sem leikmenn.

2. gr.

Tímabil félagaskipta skulu vera tvö, innan og utan keppnistímabils og gilda um það mismunandi reglur. Meginregla félagsskipta skal vera sú að þau fari fram utan keppnistímabils þ. e. á tímabilinu 1. júní til og með 30. september ár hvert. Tímabilið 1. október til og með 31. maí telst vera keppnistímabil. Félagaskipti innan keppnistímabilsins skal synjað í öllum tilfellum nema með þeim undantekningum sem fram koma í reglugerð þessari. Stjórn ÍHÍ skal ákveða fyrirfram um mót sem haldið er utan keppnistímabils, hvoru tímabilinu mótið tilheyri.

3. gr.

Leikmaður, eða nýtt félag hans getur óskað félagaskipta, til skrifstofu ÍHÍ með tölvupósti sem berst öllum fyrrnefndum aðilum ásamt kvittun fyrir greiðslu félagaskiptagjalds. Í póstinum skal koma fram nafn og kt. leikmanns ásamt nafni nýs félags og fyrrum félags. Í framhaldi af því skal ÍHÍ fá staðfest skuldleysi leikmannsins við hans fyrra félag.

4. gr.

Félagaskipti milli landa fara eftir reglum IIHF hvort sem um er að ræða íslenska eða erlenda leikmenn.

5. gr.

Greiða skal félagaskiptagjald til ÍHÍ. Íslenskur leikmaður telst löglegur þegar skilyrði 3. gr. reglugerðar nr. 9 um félagaskipti, hafa verið uppfyllt og ÍHÍ hefur gefið út leikheimild. Erlendur leikmaður telst löglegur þegar félagaskiptagjald (fyrir ITC eða LOA) hefur verið greitt inn á reikning IHI (bankakvittun), staðfesting hefur borist frá IIHF og ÍHÍ hefur gefið út leikheimild. Leikheimildir ÍHÍ eru gefnar út ~~í tölvupósti til stjórns félags umsækjanda og/eða~~ með birtingu á heimasíðu ÍHÍ.

- a) Gjald fyrir innlend félagaskipti ~~er samkvæmt verðskrá ÍHÍ kr. 25.000.- fyrir leikmenn í þriðja flokki og uppúr.~~



- b) Tryggingargjald fyrir erlend félagaskipti (ITC) ~~er samkvæmt verðskrá ÍHÍ er kr. 125.000.-~~ Fyrir hvert fyrstu ~~fimm þrjá~~ erlendra félagaskipta (ITC+LOA) hvers tímabils ~~greiðist félagaskiptagjald til ÍHÍ kr. 25.000. Það og félagaskiptagjöld erlendra sambanda og IIHF dragast frá tryggingargjaldi og endurgreiðir ÍHÍ mismuninn til viðkomandi félags.~~ Ef félag óskar eftir erlendum félagaskiptum fyrir fleiri en ~~fimm þrjá~~ leikmenn af sama kyni skal það greiða ~~sektarupphæð samkvæmt verðskrá ÍHÍ sem leggst ofan á tryggingargjaldið kr. 200.000.-, fyrir utan tryggingargjaldið, sem gjaldfærist að fullu fyrir hvern leikmann.~~
- c) Leikmaður án íslensks ríkiborgararéttar en með varanleg félagaskipti skal greiða ~~greiða samkvæmt verðskrá ÍHÍ greiða kr. 25.000-i~~ félagaskiptagjald. Leikmaðurinn telst til erlendra leikmanna samanber b liður 5. gr.
- d) Gjald fyrir Letter of approval (LOA) ~~er samkvæmt verðskrá ÍHÍ er kr. 25.000.-~~ fyrir leikmenn undir 18 ára aldri, leiki þeir með meistarafllokki.

6. gr.

Skráning á leikmönnum skal fara fram sem hér segir:

- a) Erlenda leikmenn skal skrá fyrir 1. nóvember ár hvert.
- b) Erlendir leikmenn skulu leika a.m.k. einn leik í hverri umferð sem spiluð er fram að úrslitakeppni eftir 1. nóvember, til þess að teljast gjaldgengir í úrslitakeppni. Missi leikmaður úr umferð vegna meiðsla eða leikbanns, tapar hann ekki gjaldgengi sínu til þáttöku í úrslitakeppni. Umferð er skilgreind sem: einn leikur leikinn við hvert lið sem skráð er til keppni. Stjórn ÍHÍ er heimilt að veita undanþágu frá kvöðum um leikjafjölda í hverri umferð telji stjórn ÍHÍ það rétt og sanngjarnt. Skilyrði fyrir slíkri undanþágu er að hún sé samþykkt samhljóða í stjórn ÍHÍ.

7. gr.

Þátttaka erlendra leikmanna í mótum á vegum ÍHÍ fer eftir reglum ÍHÍ. Liðum er heimilt að hafa erlenda leikmenn. Félög sem óska eftir leyfi fyrir erlenda leikmenn skulu senda umsókn þar að lútandi til ÍHÍ og skal farið eftir reglum IIHF.

Stjórn ÍHÍ gefur út keppnisleyfi fyrir viðkomandi erlendan leikmann að uppfylltum skilyrðum ~~6. gr.~~ Útgefið keppnisleyfi gildir einungis fyrir viðkomandi tímabil.

8. gr.

~~Neiti félag að staðfesta skuldleysi leikmanns þá skal viðkomandi leikmaður/nýtt félag óska eftir skriflegum útskýringum frá félaginu og skal það hafa 2 sólahringa til að skila andsvari.~~ Neiti félag að staðfesta skuldleysi leikmanns þá skal viðkomandi félag skila skriflegum útskýringum og rökstuðningi til skrifstofu ÍHÍ innan 4 virkra daga.



Skili félagið ekki inn útskýringum **eða rökstuðningi innan 4 virkra daga** til ~~viðkomandi leikmanns eða~~ ÍHÍ, getur ÍHÍ gefið út leikheimild án þess að staðfesting á skuldleysi liggi fyrir. Skuldir leikmanna, eldri en frá síðastliðnu keppnistímabili, geta ekki stöðvað félagaskipti.

9. gr.

Aðildarfélögum innan ÍHÍ er heimilt að gera samning við leikmenn sína sem takmarkar rétt þeirra til félagaskipta. Samningar þessir skulu sendir stjórn ÍHÍ til staðfestingar. Óheimilt er að ræða félagaskipti við samningsbundna leikmenn innan keppnistímabils.

10. gr.

Stjórn ÍHÍ getur veitt undanþágu fyrir félagaskiptum bæði íslenskra sem erlendra leikmanna telji stjórn ÍHÍ það rétt og sanngjarnt. Skilyrði fyrir slíkri undanþágu er að hún sé samþykkt samhljóða í stjórn ÍHÍ.

- a) Leikmaður sem ekki hefur tekið þátt í deildarkeppni hérlandis eða erlendis á síðasta keppnistímabili og fram að umsóknardegi, skulu leyfð félagaskipti. Farið skal með félagaskiptin samkvæmt 3. gr.
- b) Íslenskur leikmaður sem ekki hefur leikið með íslensku félagsliði áður skal skrá sig líkt og um félagaskipti væri að ræða fyrir 1. október ár hvert og greiða félagaskiptagjald fyrir skráninguna.
- c) Íslenskir leikmenn sem fara utan til að spila og fara héðan á alþjóðlegu félagaskiptakorti, verða að fara eftir alþjóða reglum um félagaskipti. Þeir geta komið til baka til þess félags sem þeir voru skráðir hjá þegar þeir héldu utan. Félagaskipti skulu fara fram fyrir 1. febrúar.
- d) Leikmenn, án félagaskipta, geta ekki tekið þátt í deildarkeppnum í tveimur löndum á sama tímabili nema að þeir skrái sig fyrir 1. febrúar til ÍHÍ og leiki ekkert erlendis eftir þann tíma.
- e) Stjórn ÍHÍ hefur heimild til að veita undanþágu ef leikmaður tekur þátt í deildarkeppni sem fram fer í ólíku tímabelti sunnan miðbaugs. Einfaldan meirihluta stjórnar þarf fyrir heimildinni.

11. gr.

Að öðru leyti fara félagaskipti og hlutgengi í mótum á vegum ÍHÍ eftir Móta- og keppendareglum ÍSÍ.

Samþykkt á Íshokkíþingi, 10. maí 2025



Nr. 10

REGLUGERÐ

Um leikskýrslur

1. gr.

Fyrir hvern leik í mótum á vegum ÍHÍ eða aðildarfélaga þess skal gera leikskýrslu. Form leikskýrslu skal vera byggt á leikskýrslum IIHF. Leikskýrslan skal vera tölvuunnin og fær til nota í miðlægan gagnagrunn ÍHÍ, [Hydra](#).

2. gr.

Á leikskýrslu skal skrá nöfn allra leikmanna auk þjálfara, liðsstjóra og starfsmanna leiksins.

3. gr.

~~Fyrir alla leiki í Íslandsmóti er heimilt að útfylla leikskýrslur í einriti. En þá skal útbúa 3 afrit fyrir liðin og dómara leiksins. Frumrit skal skannað inn og sent til ÍHÍ eða það afhent eftirlitsdómara eða aðaldómara og skal það hafa borist skrifstofu ÍHÍ innan 24 klst. eftir að leik er lokið.~~

4. gr.

Verði misbrestur á afhendingu gagna er aganefnd heimilt að sekta hlutaðeigandi aðila [samkvæmt verðskrá ÍHÍ um allt að 5.000 kr.](#)

5. gr.

Heimilt er að nota miðlægan varinn gagnagrunn til skráningar og varðveislu á leikskýrslum.

Samþykkt á Íshokkíþingi, 10. maí 2025.



REGLUGERÐ

Um framkvæmd móta

1. gr.

Um framkvæmd móta á mótum á vegum ÍHÍ eða aðildarfélaga þess gilda þær reglur sem IIHF setur, auk þeirra sérákvæða sem gilda hjá ÍHÍ.

2. gr.

- a) Íslandsmót í meistaraflokki skal vera samkvæmt reglugerð sem er staðfest af íshokkíþingi. Mótið er opið öllum aðildarfélögum ÍHÍ og skal draga um röð leikja að viðstöddum fulltrúum allra félaga sem æskja þátttöku. Mótanefnd skal tilkynna aðildarfélögum með 2 vikna fyrirvara um hvar og hvenær dregið verður um leikjaröð og hafa þau þá tólf daga frest til að skrá lið til keppni.
- b) Leikmenn fá númeri úthlutað við upphaf tímabils sem þeir haldi allt tímabilið. Greiða skal til ÍHÍ þátttökugjald fyrir hvert lið sem skráð er til keppni. Gjald þetta skal ákvarðað af stjórn ÍHÍ fyrir hvert tímabil og skal vera í samræmi við umfang mótsins.
- c) Íslandsmót í barna- og unglingaflokkum skal vera samkvæmt ákvörðun mótanefndar ÍHÍ samkvæmt aldursflokkaniðurröðun. Framkvæmd þess skal falin einu af aðildarfélagi innan ÍHÍ þannig að allir séu jafnt settir.
- d) Aldursflokkar barna og unglinga eru:
 - U20, einstaklingar upp að 20 ára.
 - U18, einstaklingar upp að 18 ára.
 - U16, einstaklingar upp að 16 ára.
 - U14, einstaklingar upp að 14 ára.
 - U12, einstaklingar upp að 12 ára.
 - U10, einstaklingar upp að 10 ára.
 - U8, einstaklingar upp að 8 ára.

Samkvæmt fæðingarári, stjórn ÍHÍ gefur út nánari leiðbeiningar í upphafi hvers keppnistímabils.

3. gr.

Allir leikir skulu leiknir samkvæmt reglum IIHF með eftirfarandi undantekningum:



- a) Heimilt er að stytta leiktíma í unglingaflokkum.
- b) ~~Allir leikmenn í mótum á vegum ÍHÍ, undir 20 ára skulu hafa hálshlíf af viðurkenndri gerð.~~
- c) Í U12 og yngri er ekki keppt til verðlaunasæta. Leiktími skiptist jafnt á alla leikmenn hvers liðs og allir fá samskonar viðurkenningar.

4. gr.

Framkvæmdaaðili leikja er ábyrgur fyrir að fjöldi starfsmanna á leik sé í samræmi við reglur. Verði félag uppvíst að því að hafa ekki tiltækan nægan fjölda starfsmanna við upphaf leiks skal dómari gera um það athugasemd á leikskýrslu og skal þá aganefnd sekta viðkomandi félag samkvæmt verðskrá ÍHÍ ~~um kr. 20.000.~~

5. gr.

Í barnamótum sem leikin eru í formi helgarkeppni skal mótstjórn skipuð fararstjóra hvers liðs fyrir sig ásamt mótanefndaraðila heimaliðs sem jafnframt er mótstjóri. Mótsstjóri sér um að boða fundi mótsstjórnar og stýrir þeim.

6. gr.

Mótsstjórn hefur fullt umboð mótanefndar ÍHÍ og aganefndar ÍHÍ á meðan á mótinu stendur. Þannig hefur mótsstjórnin heimild til þess að bregða út af auglýstri dagskrá og beita leikmenn eða forráðamenn liða refsingum fyrir agabrot. Allar slíkar ákvarðanir skulu samþykktar af einföldum meirihluta mótsstjórnar þar sem hver fulltrúi í mótsstjórn hefur eitt athvæði, allar ákvarðanir skulu færðar í fundargerð. **Ef atkvæði falla jöfn skal mótsstjóri hafa tvö atkvæði.**

7. gr.

Mótsstjórnin ber ábyrgð á því að leikskýrslur og fundargerðir mótsstjórnarinnar berist mótanefnd og stjórn ÍHÍ innan 2ja vikna frá því að móti lýkur.

8. gr.

Stjórn ÍHÍ hefur heimild til þess að sameina íslandsmót í tveimur eða fleiri flokkum.

Samþykkt á Íshokkiþingi, 10. maí 2025.



Nr. 13

REGLUGERÐ

Um Íslandsmótið í íshokki

1. gr.

Fjöldi leikinna umferða fer eftir ákvörðun stjórnar ÍHÍ fenginni tillögu móta og dómaranefndar.

- a) Hverju félagi er heimilt að skrá fleiri en eitt lið til keppni. Skulu þá liðin skráð sem lið A, lið B o.sfrv.
- b) Félagi sem skráir fleira en eitt lið til keppni er heimilt að gefa liðinu nýtt nafn. Liðið telst þó alltaf hluti af upprunafélaginu og hefur sömu réttindi og skyldur.

2. gr.

Allir leikir gefa þrjú stig og skiptast þau þannig á milli liða:

- a. Sigur gefur sigurliði 3 stig.
- b. Jafntefli gefur hvoru liði um sig 1 stig. Leikið er áfram 1x 5 mínútna framlenging, bráðabani, með þrjá útspilandi leikmenn þar til annað liðið skorar (gullmark). Þá skal það lið hljóta aukastig eða þriðja stigið sem úthlutað er.
- c. Náist ekki úrslit í bráðabana, samanber b. liður 2. gr., skal háð vítakeppni þar sem hvort lið tekur 3 5 víti sem tekin eru af sitt hvorum leikmanninum. Náist ekki úrslit í vítakeppni skal háður vítabráðabani. Heimilt er að nota alla leikmenn liðsins í vítabráðabana og/eða sama leikmanninn aftur og aftur. Leikmaður eða leikmenn sem eru að taka út refsingu í refsiboxi þegar ~~bráðabana~~ framlengingu lýkur eða hefur verið vísað af velli geta ekki tekið víti.

3. gr.

Leikin skal ein deild þar sem öll lið mætast jafnt. Skrái félag fleiri en eitt lið til keppni skal það þremur dögum fyrir fyrsta deildarleik, tilkynna ÍHÍ hvaða leikmenn tilheyra hverju liði.

- a) Sendi félag/félög fleira en eitt lið til keppni skulu leikir þeirra liða númeraðir samhliða í upprunamótaskrá. Fyrsti leikur liðs A verður númer eitt og einnig fyrsti leikur liðs B og svo koll af kolli.
- b) Félagi, með tvö lið, er heimilt að færa til fjóra leikmenn milli liða. Leikmenn, sem færðir eru, geta ekki leikið með upprunaliði sínu í leik sem bera sama leiknúmer og leikurinn sem þeir voru færðir í.



c) Markmenn og leikmenn sem gjaldgengir eru í U18 ára landslið er heimilt að spila með báðum liðum og falla ekki undir b. lið 3. gr.

d) Félagi er heimilt dagana 28. – 30. október og 28. – 30. desember að gera breytingar á liðum sínum sbr. b. liður 3. gr. Tilkynna skal skrifstofu ÍHÍ breytingarnar. Hvert lið getur þó að hámarki skipt 5 leikmönnum.

e) Komist annað liðið í úrslitakeppnina gilda reglur a. liðar, b. liðar og c. liðar 3. gr. Þ.e. tilkynna þarf fyrir fyrsta leik hvaða leikmenn á að nota og ekki er hægt að gera breytingar á því eftir fyrsta leik.

4. gr.

Í meistaraflokki karla skal leikin undanúrslitakeppni efstu fjögurra liða. Liðið sem hafnar í fyrsta sæti deildarkeppni skal leika við liðið sem endar í fjórða sæti og liðið sem endaði í öðru sæti skal leika við liðið í þriðja sæti. Liðin í fyrsta og öðru sæti eiga heimaleikjarétt. Vinna verður tvo leiki í undanúrslitum til þess að tryggja úrslitasæti.

Leikin skal einföld úrslitakeppni. Það lið sem verður fyrr til ~~í meistaraflokki karla~~ að vinna þrjá leiki verður íslandsmeistari.

Í meistaraflokki kvenna skal leikin einföld úrslitakeppni. Það lið sem verður fyrr til að vinna þrjá leiki verður íslandsmeistari. Það lið sem vinnur ~~deildarkeppni~~ fær heimaleikjaréttinn. ~~fyrsta leikinn. Síðan skal~~ Leikið ~~skal~~ til skiptis, heima og að heiman þangað til úrslit fást.

- a. Séu lið jöfn að stigum eftir forkeppni, skulu eftirfarandi reglur í þeirri röð sem þær hér birtast gilda til ákvörðunar á úrslitum.
 - i. Úrslit úr innbyrgðis viðureignum
 - ii. Markatala úr innbyrgðis viðureignum
 - iii. Flest mörk á útivelli í innbyrgðis viðureignum.
 - iv. Heildar markatala deildarkeppni
 - v. Sé það einnig jafnt skal spila úrslitaleik um sæti í úrslitum en kasta upp á valrétt um leikstað

~~gildir markatala en sé hún einnig jöfn gildir markatala í innbyrgðis viðureignum. Ef markatala úr innbyrgðis viðureignum er einnig jöfn gilda fleiri mörk á útivelli. Sé það einnig jafnt skal spila úrslitaleik um sæti í úrslitum en kasta upp á valrétt um leikstað.~~

b. Sendi félag fleiri en eitt lið til keppni skal úrslitakeppni leikin sem hér segir:

1. Félagi er heimilt að nota alla skráða leikmenn í úrslitakeppni a-liða.

2. Í úrslitakeppni b-liða eru hlutgengir þeir leikmenn sem voru skráðir b-liðs leikmenn, í síðustu umferð deildarkeppni b-liða, auk þess sem liðinu er heimilt að nýta sér skiptireglu samanber a. liður og b. liður 3. gr.



5. gr.

ÍHÍ er eigandi að Íslandsmótinu í íshokki. Stjórn ÍHÍ fer með öll réttindi er varða mótið. Meðal réttinda ÍHÍ eru:

1. Réttindi til að semja við styrktaraðila um nafn á mótið
2. Réttindi til að semja um útsendingar í sjónvarpi frá leikjum.

6. gr.

Leikmenn sem spila með meistaraflokki karla þurfa að ná 15 ára aldri á árinu sem spilað er á og leikmenn sem spila með meistaraflokki kvenna þurfa að ná 13 ára aldri á árinu sem spilað er á.

a) Leikmönnum yngri en 18 ára er óheimilt að spila eða æfa með meistaraflokki, nema að fyrir liggi hjá ÍHÍ undirrituð skrifleg yfirlýsing, sem gefin er út af ÍHÍ og heitir “Leikmaður undir aldri”. Eftirfarandi aðilar skulu undirrita yfirlýsinguna:

1. Leikmaðurinn
2. Foreldri/forráðamaður leikmannsins.

Yfirlýsingu þessa þarf að endurnýja fyrir hvern og einn leikmann við upphaf hvers keppnistímabils.

7. gr.

Viðurlög við brotum á a. lið 6. gr. eru tilgreind í 2. tölulið, b. liðar í 15. gr. í reglugerð nr. 8 um aganefnd.

8. gr.

Heimilt er að skrifa nánari útskýringar við reglugerð þessa og teljast þær hluti af reglugerðinni. Nánari útskýringar er varða reglugerðina:

Upprunamótaskrá er mótaskrá sem sett er upp í upphafi mótaskrárvinnu og tekur mið af drætti sem fram fór. Á henni hafa engar breytingar verið gerðar. Eftir að leikur hefur fengið númer í upprunamótaskrá heldur hann númerinu til loka tímabils.

9. gr.

Ef félag sem ekki hefur keppnisaðstöðu (heimavöll) óskar eftir því að taka þátt í Íslandsmótinu í íshokki getur stjórn ÍHÍ gefið viðkomandi liði keppnisleyfi eitt tímabil í senn, þannig að allir leikir liðsins verði framkvæmdalega útileikir. Liðið nýtur þó þeirra réttinda sem heimalið hafa gagnvart leikreglum.



Liðið verður þannig gestur í þeim mannvirkjum sem leikið er í og ber ekki kostnað af ístíma eða starfsfólki leiksins. Gestgjafinn fær allar tekjur af aðgöngumiðasölu og sölu af veitingum á keppnissvæðinu.

Lagt fyrir íshökkíping 10. maí 2025



REGLUGERÐ

Um láNSSamninga (STF)

1. gr.

Leikmanni er heimilt að gera samning um tímabundin félagskipti (hér eftir kallaður STF) til félags þrátt fyrir að vera gildandi leikmaður annars félags. Reglugerðin á einungis við um leikmenn með íslenskan ríkisborgararétt.

2. gr.

Til að slíkur samningur teljist gildur þarf að koma til samþykki viðkomandi leikmanns, ásamt samþykki formanns íshokkídeildar þess félags sem lánar hann (móðurfélags), ~~og~~ þess sem fær hann að láni (lántökufélag) einnig þarf staðfestingu formanns eða framkvæmdastóra ÍHÍ. Staðfestingu allra aðila (~~sjá grein númer 9~~) þarf fyrir samningnum til að hann teljist gildur. Þegar formaður eða framkvæmdastjóri ÍHÍ hefur staðfest móttöku og útfyllingu samningsins öðlast hann gildi.

3. gr.

STF getur aldrei orðið lengri en til enda þess leikatímabils sem hann er gerður á.

4. gr.

Heimilt er að gera STF frá upphafi hvers tímabils til ~~30. Nóvember~~ 31. janúar.

5. gr.

Þeir sem hafa heimild til að gera STF eru:

- Allir skráðir íslenskir leikmenn geta farið á lánssamning. ~~Leikmenn í 2. flokki karla og Leikmönnum á lánssamning~~ skal þeim vera heimilt að spila með þeim flokkum í móðurfélagi sínu sem þeir gerðu ekki STF um. ~~Leikmenn í 2. flokki karla hafa heimild til þess að gera STF til að leika með meistaraflokki lánslíðsins.~~ Að uppsagnarfresti líðnum er þeim heimilt að spila aftur með móðurfélagi sínu í meistaraflokki sem STF var gert um.
- Leikmenn yngri en 18 ára ~~í 3. flokki karla~~ sbr. a. lið. 5. gr. nema þá skal einnig leita samþykkis foreldris/forráðamanns leikmannsins.
- Leikmenn ~~í Gullflokki~~ fjörutíu ára og eldri (~~old-boys~~). Skal þeim sem STF gera um að leika í meistaraflokki lántökufélags með öllu óheimilt að spila með meistaraflokki móðurfélags á því keppnistímabili sem STF er gerður.

6. gr.

Leikmanni sem gerir STF er með öllu óheimilt að spila með móðurfélagi sínu í þeim flokki sem samningurinn kveður á um að hann væri lánaður til á meðan samningurinn er í gildi.



7. gr.

Uppsagnarákvæði STF skal vera 15 dagar. Tvo aðila samningsins þarf til að segja honum upp.

8. gr.

Í samningi um STF skal eftirfarandi koma fram:

1. Nafn leikmanns.
2. Nafn móðurfélag leikmanns.
3. Nafn lántökufélags.
4. Í hvaða keppnisflokk leikmaðurinn er lánaður til.
5. Sé leikmaður undir aldri, skal liggja fyrir undirrituð skrifleg yfirlýsing, af bæði leikmanni og foreldri/forráðamanni leikmanns, sem gefin er út af ÍHÍ og heitir „Leikmaður undir aldri“.

9. gr.

Framkvæmd STF skal vera með eftirfarandi hætti:

1. Leikmaður nálgst umsóknar eyðublað á vef ÍHÍ og fyllir það út og sendir á skrifstofu ÍHÍ. ~~skal með tölvupósti eða öðrum samnarlegum hætti senda beiðni um tímabundin félagaskipti til Íshokkisamband Íslands (ÍHÍ).~~
2. ~~ÍHÍ sendir leikmanninum sérstakan tölvupóst með formi af STF samningi.~~
3. ~~Leikmaðurinn skal fylla út samninginn og senda hann til forráðamanna móðurfélags og lántökufélags.~~
4. ~~Leikmaðurinn ásamt forráðamönnum móðurfélags og lántökufélags staðfestir samninginn með tölvupósti sem inniheldur útfylltan samninginn, til ÍHÍ sem gefur út leikheimild til handa leikmanninum þegar borist hafa 3 samhljóða eintök af STF.~~
5. Sé samningum sagt upp skal það gert með sama hætti og til hans var stofnað.

10. gr.

Lántökufélag eignast engin önnur réttindi í leikmanninum heldur en þau sem koma fram í STF.

11. gr.

Komi til ágreinings varðandi STF skal málinu vísað til aganefndar sem hefur úrskurðarvald um framkvæmd og lögmæti STF.

12. gr.

ÍHÍ innheimtir gjald fyrir leikheimild vegna STF sem skal vera **samkvæmt verðskrá ÍHÍ** ~~kr. 5.000. pr. leikmann.~~

Samþykkt á Íshokkíþingi, 10. maí 2025.



REGLUGERÐ

Um þátttökugjald í Íslandsmóti

1. gr.

ÍHÍ er heimilt að krefja aðildarfélög sín um þátttökugjald vegna iðkenda og er aðildarfélögum ÍHÍ skylt að skrá iðkendur sína.

2. gr.

Gjaldið er innheimt fyrir hvern skráðan iðakanda sem nær 10 ára aldri á því ári sem tímabilinu lýkur. ~~Gjaldið skal miðast við hvern leikmann sem tekur þátt í Íslandsmóti og skráður er til æfinga hjá aðildarfélagi. Aðeins þeir leikmenn sem færðir hafa verið í gagnagrunn og greitt þátttökugjald, hafa heimild til þátttöku á mótum á vegum ÍHÍ. Undanþegnir þátttökugjaldi eru þeir iðkendur sem eingöngu eru í skautaskóla/skautastund, sem fram fer á vegum aðildarfélaga.~~

3. gr.

Stjórn ÍHÍ skal fyrir 15. ágúst ár hvert tilkynna aðildarfélögum sínum upphæð gjaldsins **verði á því breyting á milli ára.**

4. gr.

ÍHÍ sér til þess að aðildarfélögin hafi aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum. ÍHÍ er heimilt að nota ~~Felix, gagnagrunn~~ **félagaskráningarkerfi** ÍSL, í þessu skyni.

5. gr.

Láti aðildarfélag óskráðan leikmann spila getur það varðað brottvísun úr leik/móti, áminningu og/eða sektum samkvæmt ákvörðun aganefndar.

6. gr.

Aðildarfélög skulu greiða þátttökugjaldið fyrir 15. nóvember ár hvert og lokauppgjör fyrir tímabilið skal fara fram fyrir 15. apríl ár hvert.

7. gr.

Komi til vanskila á skráningargjöldum er stjórn ÍHÍ heimilt að vísa viðkomandi aðildarfélagi úr keppni.

Samþykkt á Íshokkiþingi, 10. maí 2025.



REGLUGERÐ

Um íshokkí kvenna

1. gr.

Skipa skal nefnd um íshokkí kvenna á vegum ÍHÍ og skal hún skipuð að lágmarki þremur og að hámarki fimm aðilum sem skipta með sér verkum. Stjórn ÍHÍ tilnefnir í nefndina og skal stjórnarmaður veita nefndinni forystu.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að starfa að málum er snúa að íshokkí kvenna, [öðru en landsliðsstarfi](#).

3. gr.

Nefndin skal móta og viðhalda stefnu fyrir framþróun íshokkís kvenna á Íslandi.

4. gr.

Nefndin skal gera áætlun um þróun á íshokkí kvenna á Íslandi bæði til skamms og lengri tíma og vinna að því að áætluninni sé fylgt eftir.

5. gr.

Nefndin skal styðja við starfssemi annarra nefnda í málum er lúta að íshokkí kvenna.

6. gr.

Halda skal fundi eins oft og þurfa þykir og er heimilt að halda símafundum.

7. gr.

Nefndin skal skila skýrslu um starfsemi sína til stjórnar ÍHÍ mánuði fyrir Íshokkíþing.

Samþykkt á Íshokkíþingi, 10. maí 2025.



REGLUGERÐ

Um flutning leikamanna milli aldursflokka

1. gr.

Félögum er heimilt að tefla fram leikmanni/mönnum í U18 og U16 ~~2. og 3. flokki~~ sem eru einu ári eldri í karlaflokkum og tveimur árum eldri í kvennaflokkum heldur en flokkaskipting segir til um samkvæmt reglugerð nr. 12 um framkvæmd móta sbr. d) liður 2. gr. Heimilt er að færa til að hámarki þrjá útileikmenn og einn markmann í hverjum leik (1).

2. gr.

Félög sem nýta sér heimild samkvæmt ákvæði 1. gr. skulu sækja um til skrifstofu ÍHÍ með tölvupósti hvaða leikmenn verða mögulega færðir á milli flokka á keppnistímabilinu. Umsóknaraðili skal rökstyðja ástæðu þess að sótt er um færslu fyrir leikmanninn.

- a) Skrifstofa ÍHÍ skal leita umsagnar annarra félaga um hvort flutningurinn skuli leyfður. Félögin sem um ræðir skulu hafa að hámarki 36 tíma til að svara og skal neikvæðu svari fylgja rökstuðningur. Svari félag ekki telst það hlynnt flutningnum.
- b) Þegar umsókn og rökstuðningur liggja fyrir skal framkvæmdastjóri ÍHÍ úrskurða hvort leikmaður fær flutning.
- c) Framkvæmdastjóri ÍHÍ skal m.a. hafa eftirfarandi í huga við úrskurð sinn:
 - rökstuðning félaga samanber 2. gr. og a) liðar 2. gr.
 - leikjafjölda leikmannsins í sínum upprunaflokki (2).
 - líkamlega burði leikmannsins.
 - tölfraði leikmannsins úr leikskýrslum.
- d) Leikmanni sem færður er milli flokka er heimilt að leika með sínum frumflokki.

3. gr.

Framkvæmdastjóri hefur á hverjum tíma heimild til að fella úr gildi eða takmarka flutning á milli flokka.

- a) Úrskurði framkvæmdastjóra ÍHÍ er ekki hægt að áfrýja.

4. gr.



Brot á þessari reglugerð skal fara með samkvæmt reglugerð 3. um viðurlög vegna ólöglegra leikmanna og 5. reglugerð um dómstóla.

5. gr.

Heimilt er að setja nánari útskýringar við reglugerð þessa og skulu þær teljast hluti af henni.

Skýringar:

1. Félögum er heimilt að sækja um fyrir fleiri leikmenn en ákvæðið segir til um en einungis má nota nefndan fjölda í hverjum leik, (3+1).
2. Upprunaflokkur telst sá flokkur sem leikmaðurinn fellur inn í samkvæmt reglugerð 13 um framkvæmd móta sbr. d) liður 2. gr.

Samþykkt á Íshokkiþingi, 10. maí 2025.



REGLUGERÐ

Um upptökur og streymi frá leikjum í meistaraflokki karla og kvenna

1. gr.

Aðildarfélög ÍHÍ sem senda lið til keppni í meistaraflokki karla og kvenna skulu streyma frá leikjum í beinni útsendingu og hlaða upp á vef upptöku af leikjum inn á vefsvæði ÍHÍ.

2. gr.

Streymi frá þessum leikjum skal fara fram á streymisrásum ÍHÍ sem eru hluti af vef ÍHÍ.

Sé beinu streymi ekki vistað jafn óðum, skal upptökum hlaðið upp á streymiveitu ÍHÍ. ~~Upptökum skal hlaðið upp á Youtube eða Vimeo rás ÍHÍ innan tveggja sólahringa frá því að leik lauk.~~

3. gr.

ÍHÍ greiðir hverju félagi fyrir hvern leik sem streymdur er í meistaraflokki kvenna eða karla.

Samþykkt á Íshokkiþingi, 10. maí 2025.